



## Fundargerð hafnarnefndar 18.8.20

Fundur nr. 10 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hafnarnefnd Vopnafjarðarhrepps 18.ágúst 2020 á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl. 08:00.

Mætt til fundar: Þorgrímur Kjartansson, Agnar Karl Árnason, Kristrún Ósk Pálsdóttir og Sara Elísabet Svansdóttir.

### 1. Fundargerðir

419. fundur stjórnar Hafnasambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

420. fundur stjórnar Hafnasambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

20. fundur Siglingaráðs

Lagt fram til kynningar.

21. fundur Siglingaráðs

Lagt fram til kynningar.

### 2. Almenn mál

#### 1. Skýrsla hafnarvarðar

Skýrsla hafnarvarðar frá sumrinu 2020 lögð fram. Varðandi öryggismál á höfninni þá leggur nefndin áherslu á að það verði farið í þau strax og allt lagað sem er ábótavant. Hafnarstjóra falið að kanna hjá Faxaflóahöfnum hvort hægt sé að fá úttektaraðila til að taka út öryggismál á höfninni. Varðandi lyftara á höfninni þá telur hafnarnefnd enga ástæðu fyrir því að sveitarfélagið sé með lyftara á höfninni.

#### 1. Löndunarkrani – uppsetning á nýjum krana

Hafnarnefnd leggur til við sveitarstjórn að uppsetning á nýjum löndunarkrana verði sett inn í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

#### 1. Boðun á hafnasambandsþing 2020

Lagt fram til kynningar.

#### 1. Ársreikningur hafnasambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

#### 1. Bréf til Vopnfirðinga – öryggismál á höfninni

Tekið fyrir bréf frá Birni Hreinssyni varðandi öryggismál á höfninni. Hafnarnefndin þakkar fyrir að ekki fór verr og leggur ríka áherslu á að þessum málum verði öllum komið í lag sem fyrst.

### 3. Önnur mál

## 1. Gjaldtaka á gámaplani

Lóðin er í eigu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að finna út með fjármálastjóra hvernig gjaldtöku skuli háttáð.

### 1. Lóðs í afleysingum

Rætt um lóðsmál á höfninni. Hafnarstjóra falið að ræða við bátasjóð Björgunarsveitarinnar Vopna um hvort þeir hafi mannskap og áhuga til að sinna þessu.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 08:59.